




Heilbrigðistölfræði á Norðurlöndunum

Ritið [Health statistics for the Nordic Countries 2017](#) var nýlega gefið út af NOMESKO (Nordisk Medicinalstatistisk Komité). [NOMESKO-nefndin](#) fellur undir Norrænu ráðherranefndina um félags- og heilbrigðismál og vinnur að því að skapa grundvöll fyrir samanburð tölfræðilegra upplýsinga um heilbrigðismál milli Norðurlandanna. Þá er nefndinni einnig ætlað að stuðla að nýsköpun í heilbrigðistölfræði og að fylgjast með alþjóðáþróun á því sviði. Hér að neðan er stutt umfjöllun um markverðar upplýsingar sem komu fram í hinu nýútkomna riti um heilbrigðistölfræði á Norðurlöndunum.

Mannfjöldi og frjósemi

Mikil fólksfjölgun varð á Íslandi á milli ára 2015 og 2016 eða sem nemur 1,74%. Þessa aukningu í mannfjölda má að mestu rekja til fólksflutninga til landsins en einnig til náttúrulegrar fjölgunar, þ.e. að fleiri fæddust hér á landi á árinu heldur en létust. Af Norðurlöndunum er náttúruleg fólksfjölgun mest á Íslandi, auk Grænlands og Færeyja, þrátt fyrir að dregið hafi úr frjósemi á Íslandi undanfarin ár, þ.e. fjölda lifandi fæddra barna á ævi hverrar konu. Árið 2010 gat hver kona vænst þess að eignast að meðaltali 2,2 lifandi fædd börn en árið 2016 var þessi tala komin niður í 1,75 (mynd 1). Almennt er miðað við að frjósemin þurfi að vera um 2,1 barn til þess að viðhalda mann-



Mynd 1. Frjósemi á Norðurlöndunum 2005, 2010, 2015 og 2016. Lifandi fædd börn á ævi hverrar konu.

fjöldanum til lengri tíma litið. Eins og sjá má var frjósemi í hámarki árið 2010 á öllum Norðurlöndunum en hefur farið lækandi síðan þá. Þetta er athyglisvert í ljósi þeirra áhrifa sem efnahagsástand hefur á fæðingartíðni. Flestar rannsóknir benda til þess að óhagstætt efnahagsástand leiði til samdráttar í barneignum á meðan uppsveifla leiði til aukningar í frjósemi í vestrænum ríkjum. Það er því ekki óraunhæf ályktun að minnkandi frjósemi frá 2010 sé að einhverju leyti tilkomin vegna efnahagshrunsins í október 2008.

Lyfjanotkun

Ísland hefur í gegnum tíðina verið töluvert sér á báti þegar kemur að lyfjanotkun. Í samanburði við lyfjanotkun annars staðar á Norðurlöndunum má sjá að Ísland er talsvert frábrugðið hvað varðar mikla notkun á lyfjum sem virka á taugakerfið (ATC flokkur N). Þer þar helst að nefna róandi og kvíðastillandi lyf (ATC flokkur N05B) auk svefnlyfja (N05C) og þunglyndislyfja (N06A) þar sem notkunin hefur að jafnaði verið tvöfalt meiri en í nágrannaríkjunum.

Efni:	bls.
Heilbrigðistölfræði á Norðurlöndunum	1
Fóstureyðingar á Norðurlöndunum 2015	3

Ritstjórn
Sigríður Haraldsdóttir sviðsstjóri, ábm.
Védís Helga Eiríksdóttir

Ritstjóri
Hildur Björk Sigbjörnsdóttir

Embætti landlæknis

Barónsstíg 47
101 Reykjavík
Sími 510 1900
Bréfasími 510 1919
mottaka@landlaeknir.is
www.landlaeknir.is




11. árgangur. 8. tölublað. Október 2017

Á meðan lítil breyting hefur orðið í notkun kvíða- og svefnlyfja á Íslandi undanfarin ár hefur notkun þunglyndislyfja aukist hér á landi frá ári til árs (mynd 2). Möguleg skýring á þessari miklu notkun hérlendis hefur verið talsvert í [umræðunni](#) upp á síðkastið og skortur á öðrum meðferðarúrræðum hefur verið nefndur sem hluti af skýringunni. Þrátt fyrir mikla og oft á tíðum neikvæða umfjöllun um mikla notkun Íslendinga á þunglyndislyfjum má ekki gleyma að um er að ræða meðferðarúrræði gegn alvarlegum sjúkdómi. Til að hægt verði að minnka notkun þunglyndislyfja er nauðsynlegt að önnur meðferðarúrræði séu fyrir hendi til að anna þeirri miklu þörf sem virðist vera til staðar.


Almennt má segja að notkun lyfja til meðhöndlunar á sykursýki (ATC flokkur A10) hafi farið vaxandi á Norðurlöndunum á undanförunum árum. Slík aukning gefur ákveðnar vísbendingar um aukna sjúkdómsbyrði af völdum sykursýki. Notkun sykursýkislyfja hefur alla jafna verið minni á Íslandi en á hinum Norðurlöndunum (að undanskildu Grænlandi). Hins vegar má sjá að hlutfallsleg aukning á notkun þessara lyfja á Íslandi var tæp 50% á árunum 2005-2016 og eingöngu á Grænlandi var aukningin meiri (53%). Á árinu 2016 var notkun þessara lyfja á Ísland áþekk því sem gengur og gerist í Danmörku, Svíþjóð og Noregi en aukningin hefur verið hægari í síðarnefndu löndunum. Notkun sykursýkislyfja er mest í Finnlandi eða tvöfalt meiri en á Íslandi (mynd 3).

Reykingar, lungnaþemba og lungna-krabbamein

Dregið hefur úr reykingum alls staðar á Norðurlöndunum á síðastliðnum árum auk þess sem bilið á milli landanna hefur farið minnkandi. Lægst er tíðni reykinga á Íslandi eða rúm 10% á meðan



Mynd 2. Fjöldi skilgreindra dagsskammta á hverja 1.000 íbúa á dag af þunglyndislyfjum (NO6A) á Norðurlöndunum eftir árum.



Mynd 3. Fjöldi skilgreindra dagsskammta á hverja 1.000 íbúa á dag af sykursýkislyfjum (A10) á Norðurlöndunum eftir árum.

u.p.b. 22% Færeyinga reykja daglega. Um miðja síðustu öld voru reykingar mun algengari á meðal karla en kvenna en dregið hefur saman með kynjunum á síðastliðnum áratugum, bæði á Íslandi og á meðal annarra Norðurlandþjóða. Þeir sjúkdómar sem hafa sterk tengsl við reykingar eru m.a. lungnaþemba

og lungnaþemba. Athygli vekur að nýngengi lungnaþemba á Íslandi er hærra á meðal kvenna en karla en á hinum Norðurlöndunum er þessu víðast hvar öfugt farið. Sérstaklega er nýngengi lungnaþemba hátt á meðal kvenna á aldrinum 65-84 ára (3.177 á 1.000.000 íbúa) og aðeins á Grænlandi



11. árgangur. 8. tölublað. Október 2017

er nýgengi þessa sjúkdóms hærra en héraðis (NOMESKO, tafla 3.2.5). [Sjúkrahúslegur af völdum lungnaþembu](#) eru algengar héraðis og einnig hér eru sjúkrahúslegur mun algengari á meðal kvenna en karla. Sá kynjamunur sem sést á sjúkdómum, sem má rekja til reykinga, er væntanlega til kominn

vegna aukinna reykinga á meðal kvenna upp úr miðri síðustu öld sem voru framan af mun fátíðari á meðal kvenna á Íslandi en karla.

Nánari umfjöllun um þau atriði sem fjallað er um hér að ofan, auk annarra áhugaverðra upplýsinga um stöðu heil-

brigðisupplýsinga á Íslandi í samanburði við Norðurlöndin má finna í fyrrnefndu [riti um heilbrigðistölfræði á Norðurlöndunum](#).

Védís Helga Eiríksdóttir

Fóstureyðingar á Norðurlöndunum 2015

Skýrslan [Aborter i Norden 2015](#) kom nýverið út á vef finnsku heilsu- og velferðarstofnunarinnar, THL. Skýrslan, sem kemur út annað hvert ár, inniheldur tölulegan samanburð á fóstureyðingum milli Norðurlandanna fram til ársins 2015.


Um 77.900 fóstureyðingar voru framkvæmdar á Norðurlöndunum árið 2015, um það bil 38.000 í Svíþjóð, 15.500 í Danmörku, 14.000 í Noregi, 9.400 í Finnlandi og 920 á Íslandi. Þegar á heildina er litið hefur samanlagður fjöldi fóstureyðinga á Norðurlöndunum lítið breyst undanfarinn áratug. Þó fækkaði þeim lítillega á öllum Norðurlöndunum árið 2015 miðað við fyrra ár, að Svíþjóð undanskildu (mynd 1).

Í samanburði við önnur Evrópulönd er tíðni fóstureyðinga fremur lág á Norðurlöndunum. Við slíkan fjölþjóðlegan samanburð ber þó að hafa í huga mismunandi lagaumhverfi Evrópulanda sem hefur áhrif á fjölda skráðra og framkvæmdra fóstureyðinga. Í Evrópu eru fóstureyðingar til að mynda algengastar í löndum sem áður tilheyrðu Sovétríkjunum en fæstar eru þær á Írlandi, Möltu og í Póllandi. Í síðarnefndu löndunum eru fóstureyðingar í raun ólöglegar eða aðgengi að þeim mjög takmarkað.

Löggjöf um fóstureyðingar er einnig mismunandi milli Norðurlandanna fimm. Þannig geta þungaðar konur í Danmörku, Noregi og Svíþjóð sjálfar ákveðið að undirgangast fóstureyðingu án nánari skýringar. Í Svíþjóð er heimilt að fara í fóstureyðingu fram að lokum 18. viku meðgöngu en í Danmörku og Noregi er miðað við að slíkar aðgerðir skuli ekki framkvæmdar eftir lok 12. viku meðgöngu. Fóstureyðingar eru þó heimilaðar af lækisfræðilegum ástæðum í ofangreindum löndum eftir 12-18 vikna meðgöngu og þá í kjölfar álits sérfræðinga. Á Íslandi og í Finnlandi

verða hins vegar að liggja til grundvallar rökstudd greinargerð lækis og/eða félagsráðgjafa áður en fóstureyðing er framkvæmd. Skiptir þá engu hversu langt konan er gengin með.

Samkvæmt [Íslenskum lögum um fóstureyðingar](#) skal framkvæma fóstureyðingu eins fljótt og auðið er, helst fyrir lok 12. viku meðgöngu. Fóstureyðingar má ekki framkvæma á Íslandi eftir 16. viku meðgöngu nema fyrir hendi séu ótvíræðar lækisfræðilegar ástæður, svo sem alvarlegir fósturgallar eða að lífi og heilsu hinnar barnshafandi konu sé



Mynd 1. Fóstureyðingar á Norðurlöndunum miðað við 1.000 konur á frjöseisaldri (15-49 ára), 1970-2015.



11. árgangur. 8. tölublað. Október 2017

stefnt í hættu. Fóstureyðing eftir 16. viku er aðeins heimiluð að fengnu leyfi sérstakrar nefndar.

Fóstureyðingar eftir aldri kvenna


Árið 2015 voru fóstureyðingar miðað við 1.000 konur á frjósemisaldri (15-49 ára) fæstar í Finnlandi (8,2) en flestar í Svíþjóð (17,6). Á Íslandi voru framkvæmdar 11,8 fóstureyðingar á hverjar 1.000 konur á aldrinum 15-49 ára, sem er aðeins lægra en hið norræna meðaltal (13,3) (mynd 2).

Á öllum Norðurlöndunum, fyrir utan Ísland, voru fóstureyðingar árið 2015 algengastar meðal kvenna á aldrinum 20-24 ára og næstalgengastar í næsta aldurshópi fyrir ofan (25-29 ára). Ísland var frábrugðið að því leyti að hér á landi voru flestar fóstureyðingar framkvæmdar á konum í aldurshópnum 25-29 ára en næstflestar hjá konum 20-24 ára.


Norðurlöndin eiga það sammerkt að fóstureyðingum meðal kvenna yngri en 20 ára hefur fækkað verulega undanfarinn áratug (mynd 3). Norræna meðaltalið árið 2015 var 11,2 fóstureyðingar á hverjar 1.000 konur 15-19 ára. Til samanburðar voru framkvæmdar 18,8 fóstureyðingar hjá konum í sama aldurshópi áratug fyrr. Hjá þessum yngsta aldurshópi voru fæstar fóstureyðingar árið 2015 gerðar í Noregi (8,3) og í Finnlandi (8,4) en flestar í Svíþjóð (14,4). Fækkunin undanfarinn áratug er einnig nokkur á Íslandi. Þannig gengust 12,5 konur á hverjar 1.000 á aldrinum 15-19 ára undir fóstureyðingu árið 2015 en 15,6 í sama aldurshópi áratug fyrr.

Meðgöngulengd og tegund aðgerðar

Árið 2015 var hlutfall fóstureyðinga sem framkvæmdar voru innan 9 vikna meðgöngu hæst í Svíþjóð (82,6%) en lægst á Íslandi (75,7%). Hefur hlutfall



Mynd 2. Fóstureyðingar á Norðurlöndunum miðað við 1.000 konur á aldrinum 15-49 ára, 2015.



Mynd 3. Fóstureyðingar á Norðurlöndunum miðað við 1.000 konur á aldrinum 15-19 ára, 2005 og 2015.

þeirra fóstureyðinga sem framkvæmdar voru á þessum fyrstu vikum meðgöngu aukist í öllum löndunum fimm undanfarinn áratug. Árið 2015 voru yfir 90% fóstureyðinga framkvæmdar fyrir

lok 12. viku meðgöngu í hverju og einu hinna norrænu landa (mynd 4).

Fóstureyðing sem framkölluð er með lyfjum hefur verið valkostur á öllum




11. árgangur. 8. tölublað. Október 2017

Norðurlöndunum síðan árið 2006 þegar sú meðferð var tekin upp á Íslandi. Hlutfall fóstureyðinga sem framkallaðar eru með lyfjum hefur aukist jafnt og þétt síðan þá. Á árinu 2015 var þetta hlutfall hæst í Finnlandi (96%) en lægst á Íslandi (67,1%).

Frekari tölulega upplýsingar má nálgast í skýrslunni [Aborter i Norden 2015](#).

Hildur Björk Sigbjörnsdóttir



Mynd 4. Hlutfall fóstureyðinga á Norðurlöndunum eftir meðgöngulengd í vikum, 2015.